

## Tæknibúnaður, netnotkun og rafræn viðskipti fyrirtækja 2010

*ICT and e-Commerce in enterprises 2010*

### Samantekt

Næstum öll fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri nota tölvur og net við starfsemi sína, 94% fyrirtækja með 2–9 starfsmenn og 82% einstaklingsfyrirtækja. Vefsíða er aðgengileg hjá 38% íslenskra fyrirtækja og í 78% tilvika hjá fyrirtækjum með fleiri en 10 starfsmenn. Um 16% fyrirtækja pöntuðu vörur eða þjónustu um netkerfi á síðasta ári og 10% fyrirtækja seldi vörur á þann hátt. Almennt er lítil reynsla af öryggisógnunum hjá fyrirtækjum en þó hafa 11% nettengdra fyrirtækja orðið fyrir því að upplýsingatækni lá niðri eða gögn töpuðust vegna bilunar í hugbúnaði. Af öryggisráðstöfunum sem tilgreindar voru geymdu 49% fyrirtækja afrit af gögnum utan fyrirtækis.

Í heftinu er yfirlit yfir helstu niðurstöður. Mun ítarlegri niðurstöður má finna á vef Hagstofunnar undir efnisliðnum *Upplýsingatækni*.

### Inngangur

#### Samræmd könnun á EES- svæðinu

Hagstofa Íslands gerði fyrir á þessu ári rannsókn meðal fyrirtækja á notkun þeirra á tæknibúnaði, Interneti og umfangi rafrænna viðskipta. Rannsóknin var gerð í samvinnu við Hagstofu Evrópusambandsins, *Eurostat*, og eru niðurstöður því samburðarhæfar við rannsóknir gerðar í öðrum löndum innan EES. Sambærileg rannsókn hefur verið framkvæmd fjórum sinnum áður hérlendis, síðast árið 2008. Sérstakt viðfangsefni rannsóknarinnar í ár var tengt öryggisógnunum. Viðmiðunartími spurninga um tæknibúnað og netnotkun fyrirtækja er janúar 2010, en viðmiðunartími spurninga um rafræn viðskipti og reynslu af öryggisógnunum er almanaksárið 2009.

#### Úrtak og heimtur

Rannsóknin var gerð meðal fyrirtækja í neðangreindum atvinnugreinum sem höfðu að meðaltali einn starfsmann eða fleiri á launaskrá árið 2009. Sambærilegar rannsóknir hérlendis hafa hingað til eingöngu verið gerðar meðal fyrirtækja með að lágmarki 10 starfsmenn. Tekið var úrtak 1702 fyrirtækja og var svarhlutfall 72%. Rannsóknin náði til fyrirtækja í eftirfarandi deildum atvinnugreina samkvæmt *Íslenskri atvinnugreinaflokkun* (ÍSAT2008):

- 10–39 (Framleiðsla og veitur)
- 41–43 (Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð)
- 45–47 (Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum)
- 49–53 (Flutningur og geymsla)
- 55 (Rekstur gististaða veitingarekstur)
- 58–63 (Upplýsingar og fjarskipti)
- 64–66 (Fjármála- og váttryggingastarfsemi)
- 68–82, 95.1 (Sérfræðileg starfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta)




## Helstu niðurstöður

89% fyrirtækja nota tölvur og internet

Nær níu af hverjum tíu íslenskum fyrirtækjum nota tölvur og hafa aðgang að internetinu. Nokkur munur er á tölvu- og netnotkun eftir stærð fyrirtækja, þannig nota nær öll fyrirtæki með fleiri en 10 starfsmenn tölvur og net, 94% fyrirtækja með 2–9 starfsmenn en einungis 82% einstaklingsfyrirtækja. Tölvu- og netnotkun er áberandi lægst meðal smærri fyrirtækja í samgöngum og flutningum. Innri vefur sem einungis er aðgengilegur starfsfólki var í boði hjá 17% allra fyrirtækja en hjá 40% fyrirtækja með fleiri en 10 starfsmenn. Ríflega 13% fyrirtækja eru með ytra net sem samstarfsaðilar utan fyrirtækisins gátu komist inn á með lykilorði.

### Mynd 1. Tölvu- og netnotkun fyrirtækja 2010

Figure 1. Use of computers and computer networks 2010




38% fyrirtækja með vefsíðu

Vefsíða er í boði hjá 38% íslenskra fyrirtækja. Mun algengara er að stærri fyrirtæki haldi úti vefsíðu, 78% fyrirtækja með fleiri en 10 starfsmenn eru með vefsíðu og 97% fyrirtækja með fleiri en 100 starfsmenn. Hlutfall fyrirtækja með vefsíðu er einnig nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum, þannig eru 83% fyrirtækja í fjármála- og váttryggingastarfsemi með vefsíðu en einungis 10% fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

## Mynd 2. Hlutfall fyrirtækja með vefsíðu eftir atvinnugreinum og stærð 2010

Figure 2. Proportion of enterprises with websites by activity and size class 2010




(1) Manufacturing and supply; (2) Construction; (3) Trade; (4) Transportation and storage; (5) Accommodation and food service; (6) Information and communication; (7) Financial and insurance; (8) Professional activities, specialised services.

Verð eða vörulistar aðgengilegir á 57% vefsíða

Upplýsingar um verð- eða vörulista voru á vefsíðum 57% allra fyrirtækja sem höfðu vefsíðu. Fjögur af hverjum tíu fyrirtækjum buðu uppá að panta vörur eða þjónustu í gegnum vefsíðu og 16% fyrirtækja hafa upplýsingar um laus störf aðgengilegar á eigin vefsíðu.

## Mynd 3. Upplýsingar og möguleikar á vefsíðum fyrirtækja 2010

Figure 3. Facilities on enterprise websites 2010




(1) Manufacturing and supply; (2) Construction; (3) Trade; (4) Transportation and storage; (5) Accommodation and food service; (6) Information and communication; (7) Financial and insurance; (8) Professional activities, specialised services.

49% nettengdra fyrirtækja geyma afrit af gögnum utan fyrirtækis

Almennt er lítil reynsla af öryggisógnunum hjá fyrirtækjum en þó hafa 11% nettengdra fyrirtækja orðið fyrir því upplýsingataekni lá niðri eða gögn töpuðust vegna bilunar í hugbúnaði. Af öryggisráðstöfunum sem tilgreindar voru þá geymdu 49% fyrirtækja afrit af gögnum utan fyrirtækis. Einnig notaði ríflega fjórðungur fyrirtækja lykilorð til að bera kennsl á notendur tölvukerfa þegar þeir skráðu sig inn.

#### Mynd 4. Öryggisráðstafanir 2010, fyrirtæki með að lágmarki 10 starfsmenn

Figure 4. Security measures 2010, enterprises with at least 10 employees



(1) Formal security policies regarding internet; (2) Passwords stored for identifying users; (3) Hardware tokens used for identifying users; (4) Biometric methods for identifying users; (5) Offsite data backup; (6) Logging of activities on computers and internet.

16% fyrirtækja pöntuðu vörur eða þjónustu um netkerfi

Með rafrænum viðskiptum eru átt við öll viðskipti sem fara í gegnum netkerfi, viðskipti sem fara í gegnum tölvupóst eru þó ekki talin með. Um 16% fyrirtækja pöntuðu vörur eða þjónustu um netkerfi árið 2009. Tæplega 10% fyrirtækja seldi vörur eða þjónustu um netkerfi á síðasta ári. Sala um netkerfi er algengust meðal fyrirtækja með fleiri en 100 starfsmenn en um helmingur fyrirtækja í þeim hópi seldi vörur eða þjónustu um netkerfi á síðasta ári.

Eins og með aðra netnotkun er mikill munur eftir atvinnugreinum og stærð fyrirtækja þegar kemur að rafrænum viðskiptum fyrirtækja.

**Tafla 1. Rafræn viðskipti fyrirtækja eftir atvinnugreinum og stærð 2010**  
*Table 1. e-Commerce by field of activity and enterprise size 2010*

Hlutfall allra fyrirtækja <i>Percent of enterprise population</i>	Sala <i>Sales</i>	Innkaup <i>Purchases</i>
<b>Alls Total</b>	<b>9</b>	<b>16</b>
Framleiðsla og veitur <i>Manufacturing and supply</i>	11	11
Byggingastarfsemi <i>Construction</i>	2	3
Verslun <i>Trade</i>	10	19
Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	13	10
Gisti- og veitingastaðir <i>Accommodation and food service</i>	29	15
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	11	39
Sérfræðileg starfs., sérhæfð þjónusta <i>Profess. act., specialised services</i>	8	22
<b>Fyrirtæki með að lágmarki 10 starfsmenn</b> <i>Enterprises with a minimum of 10 employees</i>		
Framleiðsla og veitur <i>Manufacturing and supply</i>	21	29
Byggingastarfsemi <i>Construction</i>	22	16
Verslun <i>Trade</i>	4	14
Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	25	41
Gisti- og veitingastaðir <i>Accommodation and food service</i>	26	42
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	22	17
Sérfræðileg starfs., sérhæfð þjónusta <i>Profess. act., specialised services</i>	36	64
<b>Fjöldi starfsmanna</b>		
1 starfsmaður <i>employee</i>	16	5
2-9 starfsmaður <i>employees</i>	8	16
10-19 starfsmenn <i>employees</i>	15	23
20 -49 starfsmenn <i>employees</i>	20	27
50-99 starfsmenn <i>employees</i>	28	38
100 + starfsmenn <i>employees</i>	49	56

## **English Summary**

Most Icelandic enterprises with 10 or more employees use computers and the Internet, 94% of enterprises with 2–9 employees and 82% of enterprises with one person. 4 out of every 10 enterprises have their own web pages, and 8 out of 10 of enterprises with at least 10 employees. Around 16% of enterprises ordered goods and services over the internet in the last year and 10% of enterprises sold good in that way. Job adverts or electronic job application forms are available on the web pages of 16% of enterprises, and approximately half of enterprises have product or prize catalogues on the pages. Enterprises have generally little experience of security threats, however it had happened in the cases of 11% of connected enterprises that the IT system was down, or that data got lost due to a hardware malfunction. From security precautions specified 49% of enterprises kept backup of data offsite.



**Hagtiðindi** **Upplýsingatækni**  
**Statistical Series** **Information technology**

95. árg. • 70. tbl.

ISSN 0019-1078

2010:2

ISSN 1670-4592 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4606 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervised by* Árni Fannar Sigurðsson • [arni.sigurdsson@hagstofa.is](mailto:arni.sigurdsson@hagstofa.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

[afgreidsla@hagstofa.is](mailto:afgreidsla@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)